



Velferðar- og mannréttindaráð Kópavogsbæjar
Björg Baldursdóttir, formaður

Kópavogi, 2. september 2025

Efni: Drög að nýjum reglum Kópavogsbæjar um notendasamninga.

Lögð eru fram til kynningar og umræðu drög að nýjum reglum um notendasamninga (fylgiskjal 1).

Forsaga

Árið 2018 voru samþykkt ný lög um þjónustu við fatlað fólk og breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Lögin eru rammalöggjöf sem tryggir grunnréttindi til þjónustu en sveitarfélögin hafa svigrúm til að útfæra þjónustuna eftir sínum þörfum. Áhersla er lögð á að meta einstaklingsbundnar þjónustufarir í stað þess að allir fái sömu þjónustu, þannig að hver og einn fái þá þjónustu sem hann þarf.

Víðtækar breytingar voru gerðar á löggjöf um þjónustu við fatlað fólk þar sem ný réttindi og skilgreiningar á þjónustu voru lögfest, t.d. NPA, lengd viðvera fatlaðra ungmenna og frumkvæðisskylda sveitarfélaga. Í lögum um félagsþjónustu voru breytingarnar minni, en mikilvægasta breytingin var að félagsleg heimaþjónusta varð að stuðningsþjónustu sem nær nú til grunnþjónustu sveitarfélaga til aldra, fatlaða og annarra með stuðningsparfir. Þjónustan er ekki lengur bundin við heimili eða heimilishald, heldur hvers konar aðstoð sem einstaklingar þurfa til að lifa sjálfstæðu lífi. Þegar stuðningsparfir fara yfir 15 klst. á viku tekur við stoðþjónusta skv. lögum um þjónustu fyrir fatlað fólk eða dvöl á hjúkrunarheimili fyrir eldra fólk.

Þessar breytingar á löggjöf velferðarþjónustunnar hafa kallað á breytingar á reglum sveitarfélaga og framkvæmd þjónustunnar. Nú þegar hafa m.a. verið samþykktar í Kópavogi nýjar reglur um NPA, akstursþjónustu fatlaðra og aldra, skammtímadvöl fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsparfir, stuðning við börn og fjölskyldur þeirra, stuðningsþjónustu fyrir fullorðin fólk og stoðþjónustu fyrir fatlað fólk. Þær reglur sem eftir var að endurskoða í Kópavogi snúa að notendasamningum og eru drög að þeim kynnt hér. Þau drög sem hér eru lögð fram byggja á reglum Reykjavíkurborgar um notendasamninga en hafa verið aðlöguð að verklagi í Kópavogi.

Nýjar reglur um notendasamninga

Drög að nýjum reglum um notendasamninga (Fylgiskjal 1) byggja á 28. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 10. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsparfir nr. 38/2018. Markmið notendasamninga skv. lögum nr. 40/1991 er að auka val einstaklinga og barnafjölskyldna á þjónustuformi og fyrirkomulagi stuðnings, byggt á faglegu mati. Notendasamningur felur í sér að notandi stjórnar því hver veitir aðstoðina, hvenær og hvernig hún er veitt, þannig að þjónustan henti hverjum og einum sem best. Samningarnir eru beingreiðslusamningar og geta einstaklingar og barnafjölskyldur sem metnar eru í þörf fyrir stuðningsþjónustu sótt um slíka samninga. Sveitarfélag gerir samninginn við notandann á grundvelli eigin reglna.



Í lögum nr. 38/2018 er einnig ákvæði um notendasamninga vegna stoðþjónustu og heimilt að samþætta þjónustu sem einstaklingur á rétt á samkvæmt öðrum lögum í notendasamningi. Við gerð samninga þarf að uppfylla skilyrði laga og reglugerða um réttindi starfsmanna, m.a. aðbúnað og öryggi á vinnustað, og meginreglur vinnuréttar og kjarasamninga. Sveitarfélag getur rift samningi ef misbrestur verður á framkvæmd.

Eins og fram kemur í drögum að reglum Kópavogsbæjar um notendasamninga munu þeir ná til þeirrar stuðnings- og stoðþjónustu sem fjallað er um í reglum Kópavogsbæjar um stuðning við börn og fjölskyldur (einstaklingsstuðningur), stuðningsþjónustu fyrir fullorðið fólk og stoðþjónustu fyrir fatlað fólk.

Skv. 4.gr. reglnanna er unnt er að gera notendasamning um eftirfarandi þjónustubætti:

- a) Stuðningsþjónustu, sbr. 25.- 27. gr. og XI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, að lágmarki 40 klst. á mánuði og að hámarki 60 klst. á mánuði.
- b) Stoðþjónustu, sbr. 1.-3. tl. og 5. tl. 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, að hámarki 188 klst. á mánuði.
Samanlagður fjöldi klukkustunda metins stuðnings sem veittur er sem stuðningsþjónusta annars vegar og stoðþjónusta hins vegar getur numið að hámarki 248 klst. á mánuði.

Skv. 4. gr. reglnanna er ekki heimilt að gera notendasamninga um eftirfarandi þjónustubætti:

- a) Vernduð vinna, hæfing og dagþjónusta, sbr. 24. laga um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- b) Skammtímadvöl, sbr. 17. gr. laga um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- c) Akstursþjónusta, sbr. 29. gr. laga um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- d) Almenn og sérhæfð dagdvöl fyrir aldraða, sbr. 3. tl. 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraða nr. 125/1999.
- e) Barnaverndarúrræði, sbr. barnaverndarlög nr. 80/2002.
- f) Stuðningsfjölskyldu, sbr. 15. gr. laga um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- g) Nætúrþjónusta, sbr. 10. gr. reglna Kópavogs um stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Eins og fram kemur í 7. gr. reglnanna er lagt er til að sett verði ný viðmið á veittum tímafjölda á þann hátt að heimilt verði að gera notendasamninga um allt að 248 klst. á mánuði. Annars vegar er um að ræða stuðning í formi stuðningsþjónustu, að lágmarki 40 klst. á mánuði og að hámarki 60 klst. og hins vegar er um að ræða viðbótarstuðning í formi stoðþjónustu vegna fötlunar, að hámarki 188 klst. á mánuði. Samanlagður fjöldi klukkustunda metins stuðnings sem veittur er sem stuðningsþjónusta og stoðþjónusta getur því numið að hámarki 248 klst. á mánuði (8 klst. á dag x 31 dagar = 248 klst.).

Einnig er lagt til að þeir umsækjendur sem metnir eru í forgangi fyrir stuðning í formi notendasamnings séu þeir sem eru með sérstakar þarfir sem velferðarsvið á erfitt með að mæta með viðunandi hætti, svo sem þegar þjónusta er mjög sérhæfð, veitt utan hefðbundins vinnutíma eða í stuttan tíma í senn. Þá þarf einnig að leggja fyrir faglegt mat um að þjónusta veitt samkvæmt notendasamningi sé hentugt form til að mæta þjónustupörfum viðkomandi.



Ekki má veita sama stuðning bæði í gegnum notendasamning og hefðbundna þjónustu. Önnur skilyrði fyrir gerð notendasamninga eru að umsækjandi þurfi að eiga lögheimili í Kópavogi, vera 18 ára eða eldri eða foreldri barns með stuðningsþarfir, búa í sjálfstæðri búsetu og hafa viðvarandi og umfangsmikla stuðningsþörf.

Í greinum tíu til sextán er fjallað um greiðslur, meðferð fjármagns, eftirlit og framkvæmd notendasamninga. Þar er ekki verið að gera breytingar á því hvernig staðið hefur verið að greiðslum og annarri umsýslu í kringum samningana heldur skýra verklag betur. Í greinum sautján til nítján er fjallað um vanefndir, útbætur og riftun. Aftast er málsmeðferðarkaflinn og er hann að öllu leiti sambærilegur öðrum reglum bæjarins um stuðnings- og stoðþjónustu. Hann fjallar fyrst og fremst um hvernig meðhöndla á umsóknir og mál sem tengjast notendasamningum. Þar er lögð áhersla á að tryggja að málsmeðferð sé í samræmi við stjórnarsýslulög og að umsækjendur fái viðeigandi stuðning, leiðbeiningar og upplýsingar um réttindi sín. Einnig er kveðið á um að mál séu afgreidd án óhóflegra tafa og að samráð sé haft við umsækjanda eða talsmann hans eftir því sem við á. Kaflinn fjallar jafnframt um rétt umsækjanda til endurskoðunar og kæru ef hann er ósáttur við niðurstöðu, sem og um trúnað og meðferð persónuupplýsinga. Sérstök áhersla er lögð á að sveitarfélagið sinni leiðbeiningarskyldu og frumkvæðisskyldu gagnvart fötluðu fólki, þannig að allir umsækjendur fái sanngjarna og upplýsta málsmeðferð.

Áhrif nýrra reglna

Í Kópavogi hefur verið heimilt á grundvelli laga og eldri reglna að gera notendasamninga. Velferðarsvið er með tíu virka notendasamninga í gildi þar af þrjá vegna þjónustu við börn eða ungmenni. Gildistaka reglnanna mun ekki hafa nein fjárhagsleg áhrif.

Virðingarfyllt
f.h. velferðarsviðs,

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Skrifstofustjóri velferðarsviðs

Fylgiskjal 1: Reglur Kópavogsbæjar um notendasamninga.

